

Tillögur að framtíðarskipan lögregluglumenntunar á Íslandi

Skýrsla starfshóps til innanríkisráðherra

15. september 2014

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
I. Inngangur	3
II. Núverandi staða lögreglumenntunar á Íslandi, í Danmörku og Noregi	5
Lögreglumenntun í Danmörku	5
Lögreglumenntun í Noregi	6
III. Tillögur að framtíðarskipan lögreglumenntunar.....	9
Staðsetning lögregluskólans innan kerfis.....	9
IV. Flutningur náms yfir í almenna skólakerfið.....	13
V. Undirbúningur að flutningi lögreglumenntunar á háskólastig.....	15
VI. Millibilsástand	17
VII. Framtíðarstaða lögregluskólans.....	18
Viðauki A - Betri nýting fjármuna til menntunar lögreglu.....	19
Viðauki B – Hagsmunaaðilar	23
Viðauki C - Framhaldsnám	27
Viðauki D - Starfsnám.....	36

I. Inngangur

Alþingi samþykkti hinn 22. maí 2014 frumvarp til breytinga á lögreglulögum, sem varð að lögum nr. 51/2014. Í þeim er eftirfarandi bráðabirgðaákvæði:

„Ráðherra skal í samráði við hlutaðeigandi aðila setja á laggirnar starfshóp til að endurskoða skipulag og starfsemi Lögregluskóla ríkisins og gera tillögu að framtíðarskipan lögreglumenntunar þannig að tryggt sé að menntun lögreglumanna svari ávallt kröfum samtímans um almannaöryggi og sé sambærileg stöðu menntunarmála lögreglunnar í Evrópu, einkum annars staðar á Norðurlöndum. Við tillögugerðina verði hugað að því að skipulag þessara mála sé skilvirkt og markvisst og tryggi sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru til verkefnisins í þessu skyni. Starfshópurinn skal skila tillögum ásamt greinargerð til ráðherra ekki síðar en 1. ágúst 2014.“

Til að framfylgja bráðabirgðaákvæðinu setti innanríkisráðuneytið á laggirnar verkefnishóp. Í verkefnisáætlun hópsins er markmiði verkefnisins lýst svo:

„Samfélagslegt markmið eru:

- *Að lögreglan viðhaldi því trausti sem hún nýtur meðal almennings.*
- *Að tryggja vandaða, skilvirka og réttláta starfshætti lögreglu sem stuðla að auknu réttaröryggi og öryggiskennd borgaranna.*
- *Tryggja hagkvæma nýtingu fjármuna til löggæslumála.*
- *Gera lögreglu samkeppnisfæra hvað þekkingu varðar.*

Verkefnismarkmið:

- *Að fyrir liggja tillögur um framtíðarskipan lögreglumenntunar á Íslandi.“*

Í þeim tillögum/greinargerð, sem hópnun var gert að skila, á eftirfarandi að koma fram:

- *Tillögur að framtíðarskipan lögreglumenntunar.*
- *Stutt samantekt á stöðunni á a.m.k. tveimur Norðurlöndum.*

- *Mögulegur flutningur Lögregluskóla ríkisins til embættis ríkislögreglustjóra, hvernig best sé að standa að því, lagabreytingar, yfirfærsla starfsmanna, skipu- lag lögregluskólans innan ríkislögreglustjóra o .fl.*
- *Tilhögun náms til skemmri tíma meðan á flutningi stendur, þ.e. ef ákveðið verður að flytja skólann til RLS.*
- *Tilhögun náms í framtíðinni.*
- *Hvernig færum við hluta námsins inn í almenna menntakerfið – háskólasam- félagið - hvað þarf til?*
- *Inntökuskilyrði inn í lögregluna.*
- *Önnur atriði sem hópurinn telur vert að skoða.*

Í verkefnisáætlun hópsins er honum gert að skila ráðuneytinu greinargerð fyrir 15. september 2014. Verkefnishópurinn skipuðu Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri og fulltrúi innanríkisráðuneytisins (verkefnisstjóri), Frímann Birgir Baldursson, varðstjóri, fulltrúi Landssambands lögreglumanna, Ólafur K. Ólafsson, lögreglustjóri, fulltrúi ríkislögreglustjóra, Karl Gauti Hjaltason, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, Eiríkur Hreinn Helgason, yfirlögregluþjónn, fulltrúi Lögregluskóla ríkisins og Þórir Ólafsson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Við upphaf vinnu sinnar fékk verkefnishópurinn til liðs við sig Þórunni M. Óðinsdóttur, stjórnun- arráðgjafa, sem beitir aðferðum *Lean Management* eða straumlínustjórnunar. Tilgangurinn var að nota aðferðir straumlínustjórnunar við greiningu, skipulagningu og úrvinnslu hugmynda um framtíðarskipan lögreglumenntunar. Stofnuð voru 22 verkefni í upphafi sem notuð voru sem grundvöllur fyrir stefnumótun hópsins. Starfshópurinn hélt alls 14 vinnufundi á tímabilinu frá 20. júní til 12. september. Þá voru haldnir alls 10 fundir með hagsmunaaðilum auk fjölda óformlegra vinnufunda. Þá fór hluti starfshópsins í kynnisferð til Danmerkur.

Tillögur starfshópsins fylgja hér á eftir. Í viðauka fylgja samantektir um þau fjögur verkefni sem starfshópurinn telur að nýst geti við áframhaldandi vinnu við mótun framtíðarmenntunar lögreglu.

II. Núverandi staða lögreglumenntunar á Íslandi, í Danmörku og Noregi

Í dag fer nám lögreglumanna fram í Lögregluskóla ríkisins (LSR). Námið er ekki skilgreint formlega með hliðsjón af íslenska menntakerfinu og hefur skólinn á vissan hátt verið einfari í skólakerfinu. Almennt hefur þó verið litið svo á að skólinn starfi á framhaldsskólastigi og mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur metið námið þar til eininga með hliðsjón af kennslustundafjölda. Síðasta mat ráðuneytisins er frá árinu 2001 þar sem námið í grunndeild LSR er talið svara til liðlega 57 námseininga í framhaldsskóla. Óljós staða skólans í skólakerfinu og skortur á formlegri viðurkenningu sem framhaldsskóli, hefur gert nemendum hans erfitt fyrir við að fá námið metið til framhaldsnáms í öðrum skólum eða til menntunar á nýjum sviðum.

Frá því sú skipan var tekin upp árið 1997 að skilgreina Lögregluskólann í tveimur deildum, grunn- og framhaldsdeild hefur skólinn haldið fjölda endurmenntunarnámskeiða. Námskeiðafjöldi er umtalsverður og að baki þeim námskeiðum sem haldin hafa verið, býr mikið vinnuframlag frá lögreglunni í landinu í formi námskeiðasóknar lögreglumanna en einnig kennslu frá starfsmönnum skipulagsheildarinnar þar sem stór hluti kennslunnar er borinn uppi af þeim. Þetta fyrirkomulag er dýrt því í langflestum tilfellum sækja starfsmenn starfstengd námskeið í vinnutíma sínum og eru á fullum launum.

Lögreglumenntun í Danmörku

Til samanburðar er lögreglumenntun í Danmörku veitt í *Politiskolen* sem er deild hjá danska ríkislögreglustjóranum. Skólastjóri er yfirlögregluþjónn og einn af deildarstjórum ríkislögreglustjóraembættisins. Fram til ársins 2010 var skipulag skólans með þeim hætti að skólastjórinn var með titilinn *Politimester* og einn af vararíkislögreglustjórunum. Breytingar á yfirstjórn skólans tengdust öðrum skipulagsbreytingum á dönsku lögreglunni og hafa þær verið í undirbúningi frá árinu 2004. Vinna við endurskipulagningu hefur verið unnin í nánú samstarfi við yfirvöld menntamála og markmiðið var að menntun lögreglumanna yrði á háskólastigi þó

¹ Uppbygging lögreglunnar þar er ólík hinni íslensku þar sem ríkislögreglustjórinn er í raun með allar fjárveitingar lögreglunnar og stýrir lögreglunni mun meira en er í kerfinu hér á Íslandi.

Þannig að hún yrði fag tengd bakkalárgráða (d: *professionsbachelor*). Árið 2011 hófst nýtt 3ja ára lögreglunám á háskólastigi og þá var sú staða í skólanum að annars vegar var verið að ljúka menntun nemenda sem hafið höfðu nám í eldra kerfi (lögreglumenntun í fagskóla á svipuðu stigi og t.d. iðnmenntun) og ný 3ja ára *professionsbachelor*-menntun hófst. Farið var hægt af stað en nú eru teknir inn nemendur fjórum sinnum á ári. Námið í *Politiskolen* er byggt upp með áþekktum hætti og almennt viðgengst, þ.e. það skiptist upp í annir/lotur í skóla með starfsnámi á milli. Loturnar í skólanum eru þrjár en tvær eru starfsnámslotur. Starfsnámið er launað skv. kjarasamningum og lögreglunemi er með um 22.500 DK í mánaðalaun í starfsnámi. Bóknámið er ólaunað en sömu reglur gilda um það og aðra framhalds/háskólamenntun; nemendur fá námsstyrki (5.500 DK) sem byggir á tilteknum framfærsluviðmiðum en sem ekki þarf að endurgreiða að námi loknu. Frá því nemi hefur verið valinn inn í lögreglunám er hann engu að síður skilgreindur sem starfsmaður, lögreglunemi, og því gildir regluverk um lögreglumenn um hann í náminu.

Prófkörfur og kröfur til verkefnavinnu eru hinar sömu og í öðru háskólanámi á sama stigi. Lokaverkefni er ígildi 11 vinnuvikna. Námseiningarnar eða í það minnsta tilteknir hlutar þeirra, teljast „framseljanlegar“ í annað nám í skólakerfinu en á það er ekki farið að reyna. Einingar á bak við hina nýju starfstengdu bakkalárgráðu eru jafn margar og í sambærilegu námi í Danmörku eftir 3ja ára nám. Bologna skilyrðin² eru höfð að leiðarljósi til samræmingar við önnur lönd en þekkt hefur verið að vandamál er að flytja lögreglumenntun á milli landa.

Lögreglumenntun í Noregi

Í Noregi er lögreglumenntun veitt miðlægt í Norska lögregluháskólanum *PolitiHögskolen* PHS (e. *Police University College*) í Oslo. Í höfuðstöðvunum er unnt að vera með hátt í 700 nemendur í bóknámi á mismunandi stigum. Inntaka skv. ákvörðun stjórnvalda, er 720 manns á ári í grunnám PHS. PHS rekur útibú í Bodö í um 50 þúsund manna bæ í Norður-Noregi sem er í um 1200 km fjarlægð frá Osló. Þar er rekið samskonar lögreglunám og í Osló. Þar geta nemendur sótt um aðgang að nemendaíbúðum sem standa öllum háskólanemum til boða á svæðinu.

² Nánari upplýsingar um Bologna ferlið er m.a. að finna: <https://kennslumidstod.hi.is/index.php/bologna>

Þegar ákveðið var að auka getu skólans til að útskrifa lögreglumenn, m.a. í kjölfar hryðjuverkanna í Osló og Útey, var einnig opnað útibú í Kongsvinger. Þriðja útibúið er svo í Stavern og þar er einnig rekinn hluti af framhaldsmenntun PHS. Alls geta því verið hátt á fjórða þúsund nemenda í PHS í grunnnámi en þar með eru taldir þeir sem eru í starfsnámi undir stjórn skólans. Skólinn rekur öflugt rannsóknasetur og umsvifamikla útgáfustarfsemi um rannsóknir sínar og nemenda sinna og bókasafn skólans, sem er bæði í bókaformi og á netinu, er stórt í sniðum og fjölsótt af fræðimönnum á sviði *Politivitskap (Police Science)*, bæði þarlendum og alþjóðlega. Yfir skólanum er 11 manna stjórn með fulltrúum frá ákærvaldinu, stofnunum lögreglunnar, háskólasamfélaginu, prófessorum og kennurum PHS og nemendur eiga þar fulltrúa.

Stjórn skólans og skólastjóri vinna í náninni samvinnu við *Politirådet* (sambærilegt við Ríkislögreglustjóra að mörgu leyti) og í náninni faglegri samvinnu við ráðuneyti menntamála og undirstofnana þess enda er nám í PHS viðurkennt innan norska *Högskola*-kerfisins og námskrár sambærilegar öðru námi og þær viðurkenndar.

Norðmenn voru fyrsta lögreglumenntastofnun í Evrópu (að þeirra sögn) sem veitti lögreglunám á háskólastigi, þ.e. árið 1992. PHS fékk formlega viðurkenningu sem fullgildur *Högskole*, sem veitir bakkalármenntun, framhaldsmenntun á mastersstigi og doktorsmenntun á sviði lögreglufræða er hann fékk stofnskrá sína viðurkennda hjá menntamálaráðuneytinu árið 2004. Um 3500-4000 sækja að jafnaði um skólavist. Eftir skoðun og mat umsókna eru 1500-1700 kallaðir í líkamlegt þrekpróf og til mats hjá valnefnd (e. admissions board). Um 900-950 uppfylla allar kröfur og af þeim er 720 boðin skólavist og er þeim forgangsraðað m.t.t. einkunna úr framhaldsskóla en eftir því ber að fara við val í alla *högskole* í Noregi. Í valnefndarferlinu fer einnig fram ítarlegt mat á sex grunnfærniþáttum verðandi lögreglumanns.

Grunnnámið er þriggja ára bakkalárnám með tveimur bóklegum árum (verklegir þættir inni í þeim, sérstakir kúrsar s.s. akstur, mannfjöldastjórnun auk hefðbundinnar valdbeitingapjálfunar). Starfsþjálfunarár kemur þar á milli. Öll lögregluembættin í Noregi taka á móti starfsnámsnemum og hver nemi hefur sinn leiðbeinanda sem er trúnaðarmaður skólans og sérstaklega þjálfaður til þeirra starfa (m.a. kennslufræði o.fl.). Innan bóklegu áranna eru fimm

meginþættir/fög: Lögreglan og samfélagið (31 ECTS), aðferðarfræði (12), hlutverk lögreglu (82), forvarnarhlutverk (16), lögreglurannsóknir (33) og valfög (6), s.t. 180 ECTS.

Ekki liggja fyrir nýlega uppfærðar upplýsingar um kostnað en grunnámið er ólaunað, þ.m.t. starfsnám, en í Noregi er námslánafyrirkomulag og allt námið er lánshæft.

III. Tillögur að framtíðarskipan lögreglumenntunar

Ein af grunnkröfum til framtíðarskipunar lögreglumenntunar er að menntun lögreglu á Íslandi verði sambærileg menntun lögreglunnar í Evrópu, einkum annars staðar á Norðurlöndum. Landssamband lögreglumanna hefur lengi óskað eftir lögreglunámi á háskólastigi og má þar m.a. vitna til ráðstefnu um menntunarmál lögreglumanna, sem sambandið stóð að í september 2013, í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins og innanríkisráðuneytið. Þá er núverandi menntun ekki viðurkennd af öðrum menntastofnunum, sem gerir það að verkum að hvorki er auðvelt að sækja frekari menntun hérlendis né lögreglunám erlendis. Skipulag heildarnáms fyrir lögreglumenn frá því að þeir setjast á skólabekk þar til þeir ljúka störfum hefur skort hér á landi. Tækifæri til símenntunar og framhaldsmenntunar er endurtekið stef í málflutningi lögreglumanna um bættu menntun og mikilvægt að unnt sé að bregðast við henni á faglegan, skilvirkan og hagkvæman máta.

Staðsetning lögregluskólans innan kerfis

Starfshópurinn vann með þrjár mismunandi sviðsmyndir. Sú fyrsta var að lögregluskóli ríkisins myndi þróast í núverandi mynd upp á háskólastig, með svipuðum hætti og danski lögregluskólinn hefur gert. Meðal annars var því velt upp hvort unnt væri að byrja með tveggja ára diplómanám sem gæfi viðurkenndar ECTS einingar. Þessi leið reyndist hvorki fær né hagkvæm. Einnig kom fram hjá fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis í starfshópnum að tæpast yrði hljómgrunnur fyrir að stofna sérstakan háskóla um lögreglunámið þar sem fyrirsjáanlegt væri að slíkur skóli yrði alltaf mjög lítill og veikur faglega séð á mælikvarða háskóla. Loks má nefna að í ljós kom að menntun lögreglumanna er talsvert dýrari en önnur framhaldsmenntun.

Önnur sviðsmyndin var sú að grunnnámi lögregluskólans yrði útvistað með þjónustusamningi til viðurkenndrar menntastofnunar og að lögregluskólinn tryggi að færniskröfur, gæði, starfsnám, framhaldsnám og símenntun svari ávallt kröfum samtímans um almannaoýruggi og fagmennsku. Í þessu sambandi væri mikilvægt að sterk tengsl væru á milli lögregluskólans og þess skóla sem

valinn yrði til að sjá um grunnmenntun eða hluta hennar. Ljóst er að þessi leið yrði hagkvæmari, þar sem kostnaður ársnema í almenna menntakerfinu er umtalsvert lægri en menntunarkostnaður lögreglunema á einu ári. Þessi sviðsmynd er til þess fallin að auka fjölbreytni þess hóps sem sækir um í lögreglunni þar sem nemendur eru hluti af stórum og fjölbreyttum nemendahópi, en ekki fámennur hópur sem gengist hefur undir próf á vegum valnefndar sem sérstaklega eru sniðin að lögreglu.

Þriðja sviðsmyndin sem hópurinn vann með var að lögregluskólinn yrði aflagður í núverandi mynd og verkefni hans og starfslið eða hluti þess, fluttur til embættis ríkislögreglustjóra. Skipulag hjá embættinu gæti þá verið þannig að stofnað yrði menntasvið, sem sviðsstjóri eða lögreglustjóri veitti forstöðu. Staða lögreglustjóra gagnvart ríkislögreglustjóra yrði sú sama og annarra lögreglustjóra en staða sviðsstjóra væri á annan veg og þyrfti ekki að vera um lögreglumenntaðan einstakling að ræða. Annar möguleiki væri að skipulag ríkislögreglustjóra væri þannig að skólinn væri verkefni aðstoðarríkislögreglustjóra og eftir atvikum gæti verkefnið verið sameinað öðrum mannauðs- og starfsþróunarverkefnum er embætti ríkislögreglustjóra hefur nú þegar með höndum.

Ætla má að þriðja sviðsmyndin, sameining lögregluskóla ríkisins við embætti ríkislögreglustjóra, sé hagkvæmasta leiðin í fjárhagslegu tilliti, enda benti hagræðingarhópur ríkisstjórnar á þennan möguleika og var veganesti hópsins meðal annars að tryggja sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru til verkefnisins. En einnig var bent á að hugað yrði að því að skipulag lögreglumenntunar sé skilvirkt og markvisst. Stjórnunarlegi þátturinn í þriðju sviðsmyndinni gæti verið óskýr, þar sem þrjár aðilar að minnsta kosti myndu bera ábyrgð á grunnnámi lögreglumanna, þ.e. ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjóri/lögreglustjóri /forstöðumaður menntasviðs og rektor viðkomandi skóla sem þjónustusamningur yrði gerður við. Þá væri erfitt að tryggja sjálfstæði menntasviðsins innan embættis ríkislögreglustjóra og sérstaka fjárveitingu til þess. Þessi leið er engu að síður fær og er í samræmi við fyrirkomulag lögreglumenntunar í Danmörku.

Að mati verkefnishópsins er afar mikilvægt að viðhalda sterkum tengslum á milli starfsumhverfis lögreglumanna í því samfélagi sem þeir þjóna og menntunar þeirra. Hópurinn telur að besta leiðin til þess sé að sá aðili innan lögreglakerfisins, sem skilgreinir menntun lögreglumanna og ber ábyrgð á henni, njóti þess svigrúms og slagkrafts sem fylgir sjálfstæði.

Tillaga starfshóps um framtíðarskipan lögreglumenntunar er eftirfarandi:

- 1. Samið verði við skólastofnun í almenna menntakerfinu um kennslu grunnnáms og eftir atvikum framhaldsnáms. Námið verði að öllu leyti á háskólastigi og grunnmenntun lögreglumanns ljúki með bakkalárgráðu. Námið verði byggt upp sem tveggja ára bóklegt nám og eins árs starfsnám.**
- 2. Inngönguskilyrði verði stúdentspróf, líkamlegt heilbrigði og hreint mannorð. Til þess að hefja starfsnám, gangist nemendur undir inntökupróf, þar sem meðal annars verði lögð áhersla á samskiptahæfileika og andlegt atgervi. Valnefnd verði lögð niður í núverandi mynd en í stað hennar komið á fót námsnefnd á vegum lögregluskólans og þeirrar stofnunar sem samið verður við. Námsnefnd geri námsskrá og tekur hún m.a. mið af löggæsluáætlun.**
- 3. Aldurshámark verði afnumið.**
- 4. Lögð verði áhersla á fjarnám, til að laða að nemendur af öllu landinu og stuðla að því að mæta kröfum um mönnun á landsbyggðinni.**
- 5. Lögregluskólinn verði áfram til en hlutverk hans breytist úr því að vera skóli yfir í að vera fræðslu- og rannsóknarsetur þar sem áhersla verði á gerð þjónustusamninga við háskóla, þróun og uppbyggingu lögreglunáms á sviði grunnmenntunar, skipulag starfsnáms og síðast en ekki síst öflugt framhaldsnám er styrki starfsfólk lögreglunnar í að afla sér og viðhalda færni sem svarar ávallt kröfum samtímans um almannaoöryggi.**

6. Sí- og endurmenntun fyrir starfandi lögreglumenn verði byggð inn í námið, meðal annars til þess að þeir geti sérhæft sig á hinum ýmsu sviðum í samræmi við þróun verkefna lögreglunnar hverju sinni. Til framtíðar verði hugað að því að námskeiðin veiti ECTS einingar (e. European Credit Transfer and Accumulation System). Lögð verði áhersla á fjarnám í þessu sambandi.
7. Hugað verði að frekari menntun í kjölfar bakkalárgráðu með starfsþróun í huga, er lyki með meistargráðu. Sérstök áhersla verði lögð á stjórnunarnám og sérhæfingu innan lögreglunnar. Þátttaka í framhaldsnámi á Norðurlöndum verði raunhæfur kostur.
8. Þrátt fyrir breytingar á náminu munu starfandi lögreglumenn með eldri menntun halda sínum réttindum. Samhliða verði starfandi lögreglumönnum gefinn kostur á að uppfæra menntun sína þar sem reynsla þeirra verði metin til eininga og áhersla lögð á að auka hratt menntunarstig lögreglunnar í heild. Með færslu lögreglumenntunar inn í almenna menntakerfið verður unnt að meta þá háskólamenntun sem lögreglumenn hafa aflað nú þegar inn í nýtt kerfi, sem meðal annars gerir forsendur stöðuveitinga og skilyrði gagnsærri.

IV. Flutningur náms yfir í almenna skólakerfið

Starfshópurinn ræddi margvísleg sjónarmið varðandi útvistun grunnnáms eða hluta þess yfir í almenna skólakerfið og telur að ávinningur af því geti verið margvíslegur. Fyrst og fremst væri menntun lögreglumanna orðin mun verðmætari þar sem hægt væri að meta hana inn í annað nám og önnur störf.

Jafnframt telur hópurinn að bakkalárnám innan almenna menntakerfisins muni laða að sér breiðan hóp umsækjenda er spegli samfélagsgerðina hverju sinni. Krafa um líkamlegt atgervi fái minna vægi í upphafi náms og aukin áhersla verði lögð á samskiptafærni.

Til samræmis við verkefnisáætlun var rætt við fulltrúa Háskólans á Bifröst, Keilis, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, um möguleika þeirra til að taka að sér hina nýju lögreglumenntun. Allir fulltrúar skólanna tóku vel í hugmyndina og lýstu sig viljuga til samstarfs og til að hýsa námið.

Starfshópurinn telur að allir skólarnir sem að ofan greinir geti tekið að sér grunnnám lögreglu og frekari menntun á því sviði. Líta þarft til margra atriða við mat á því hvaða menntastofnun skóli sé heppilegust fyrir lögreglunám til framtíðar. Líta þarf til þess að erfitt hefur reynst að manna stöður á landsbyggðinni og hvernig skipulag lögregluskóla ríkisins hefur gert fólki utan höfuðborgarsvæðisins höfuðborgarinnar erfitt um vik að stunda nám í skólanum. Því þarf fjarnám að vera möguleiki til að afla sér lögreglumenntunar. Þá verður starfsnám mikilvægur hluti námsins. Loks má nefna að verkleg kennsla í lögreglunámi er töluverð, svo sem forgangsakstur, skotæfingar, líkamsþjálfun og fleira. Því þarf líta til aðstöðu til verklegrar kennslu. Loks má nefna að háskólabrú, sem aðstoðar lögreglumenn sem þegar eru í starfi við að nýta sér möguleika í nýrri skipan lögreglumenntunar, er þáttur sem líta ber til.

Reynsla af starfsnámi, háskólabrú, aðstaða til verklegrar kennslu og fjarkennsla eru mikilægir þættir eins og áður sagði. Starfshópurinn telur að með vísan til þess séu Háskólinn á Akureyri og

Keilir fyrstu kostir fyrir lögreglunám til framtíðar. Keilir hefur þegar gert samstarfssamninga m.a. við HÍ, og því væri unnt að slá tvær flugur með að að semja við hann. Gerður er sá fyrirvari að einungis hafa farið fram stutt samtöl við forsvarsmenn skólanna og langt frá því að tæmandi greining hafi verið gerð. Í ljósi hins stutta tímaramma verði ekki undan því vikist að leggja til tiltekna skóla, til þess að unnt sé að hefja formlegar viðræður hið fyrsta og ná þannig því markmiði að nám í nýju fyrirkomulagi geti hafist haustið 2015.

Það er tillaga starfshópsins að lögregluskólanum verði falið að ganga til viðræðna við Háskólann á Akureyri og Keili um skipulag og kennslu hins nýja lögreglunáms.

V. Undirbúningur að flutningi lögreglumenntunar á háskólastig

Skilgreina þarf færnikröfur með hliðsjón af áherslum í væntanlegri löggæsluáætlun. Með þingsályktun 19. júní 2012 fól Alþingi innanríkisráðherra að skipa nefnd níu fulltrúa sem fjalli um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og geri löggæsluáætlun fyrir Ísland. Árið 2013 skilaði nefndin af sér skýrslu um leiðarljós um mótun löggæsluáætlunar þar sem kom fram mikil áhersla á samfélagslegt hlutverk lögreglu. Skýrslan var rædd á Alþingi og gefur mikilvægar leiðbeiningar sem nýta má við þróun lögreglunáms til framtíðar.

Til þess að tillagan um að lögreglumenntun flytjist á háskólastig nái fram að ganga, leggur starfshópurinn til að næstu skref í undirbúningi þess verði að koma á fót vinnuhópum til að vinna að eftirfarandi verkefnum:

- 1. Stefnumörkun hefjist sem fyrst. Til þess að unnt verði að hefja kennslu í nýju fyrirkomulagi haustið 2015 verður ákvörðun að liggja fyrir í síðasta lagi í lok október 2014.**
- 2. Tillaga að nauðsynlegum lagabreytingum verði unnin þegar stefnumarkandi ákvarðanir um framtíðarfyrirkomulag lögreglumenntunar hafa verið teknar.**
- 3. Greining á færnikröfum lögreglustarfsins fari fram í víðtæku samstarfi við hagsmunaaðila. Byggja mætti á þeirri reynslu sem fengist hefur í starfi starfsgreinaráða við að móta starfsmenntun á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þá verði litið til skýrslu starfshóps um gerð grundvallarskilgreininga á löggæslu og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.**
- 4. Ræða við stjórnvöld um fjármögnun hins nýja náms og tryggja að fjárveitingar til þessa málaflokks mæti þörfum um menntun lögreglu til framtíðar.**

5. Greina þarf þörf lögregluskólans fyrir húsnæði og starfsmannahald í breyttu fyrirkomulagi. Nauðsynlegt er að standa vörð um fjárveitingar til menntunar lögreglu enda markmiðið að efla menntun til muna.

VI. Millibilsástand

Hópurinn ræddi um tilhögun náms til skemmri tíma. Niðurstaðan var sú að ekki væri heppilegt að taka nemendur inn til náms í janúar 2015, þar sem slíkt væri til þess fallið að dreifa kröftum starfsmanna skólans og seinka þannig nauðsynlegri undirbúningsvinnu fyrir breytingar á menntuninni. Þessari afstöðu hefur verið komið á framfæri við ríkislögreglustjóra og fulltrúa innanríkisráðuneytis sem ekki hafa hreyft mótmælum. Jafnframt var málið rætt á lögreglustjórafundi 25. ágúst s.l. og var ekki mótmælt.

Fulltrúar allra háskólastofnana sem rætt hefur verið við hafa lýst sig reiðubúna til að hefja inntöku nýnema í lögreglunám haustið 2015. Verði það þarf að grípa til mótvægisáðgerða til að manna stöður er losna á þeim tíma sem tekur að mennta lögreglumenn í nýju kerfi.

- 1. Lagt er til að starfsnámið fari fram að hluta að sumarlagi og þannig megi sameina kennslu í starfsnámi og afleysingar í lögreglu.**
- 2. Lagt er til að lögregluskólinn haldi námskeið í apríl 2015 og 2016 og undirbúi afleysingar í lögreglu til þess að styrkja fagþekkingu þeirra er starfa við afleysingar. Þeir sem valdir yrðu í slíkt afleysinganámskeið yrðu að meginstofni til þeir sem hyggja á lögreglunám.**
- 3. Að sumarlagi 2017 verði stefnt að því að einungis verði starfsnemar í hinu nýja lögreglunámi ráðnir í sumarafleysingar í lögreglunni.**

VII. Framtíðarstaða lögregluskólans

Lögregluskólinn breytist úr kennslustofnun, sem hvergi fellur inn í skólakerfið, í fræðslu- og rannsóknarsetur lögreglunnar eða menntasetur lögreglu. Setrið hafi umsjón með því lögreglunámi, sem fer fram í skólakerfinu. Hlutverk menntaseturs/fræðslu- og rannsóknarseturs lögreglunnar verður einnig að annast verklegan hluta náms í samstarfi við háskóla er taki að sér kennsluna og tryggi að menntunin fullnægi alltaf þörfum samfélagsins og kröfum starfsins á hverjum tíma.

Menntasetur/fræðslu- og rannsóknarsetur hafi áfram með höndum skipulag og framboð sérhæfðra námskeiða. Mikilvægur þáttur í starfsemi skólans verði að miðla upplýsingum um námsframboð og leiðbeini lögreglumönnum til frekari menntunar og starfsþróunar héraðs og erlendis.

Menntasetur/fræðslu- og rannsóknarsetur taki með markvissum hætti þátt í erlendu sem innlendu fræðastarfi og miðli til samfélagsins. Þá stuðli setrið að rannsóknum í lögreglufræðum eða á öðrum fræðasviðum ef við á.

Viðauki A - Betri nýting fjármuna til menntunar lögreglu

Hluti af verkefni starfshópsins var að koma með tillögur sem ekki bara miða að framtíðarskipulagi lögreglumenntunar eða starfsemi Lögregluskóla ríkisins heldur einnig að tryggja að tillögurnar og framtíðarskipanin feli í sér sem besta nýtingu fjármuna sem til málaflokksins er ætlað.

Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 51 frá 2014 um breytingu á lögreglulögum, segir um nýtingu fjármuna; „ ... Við tillögugerðina verði hugað að því að skipulag þessara mála sé skilvirkt og markvisst og tryggi sem besta nýtingu fjármuna sem ætlaðir eru til verkefnisins í þessu skyni.“

Í verkefnisáætlun starfshópsins segir að eitt af samfélagslegu markmiðunum sé að: „Tryggja hagkvæma nýtingu fjármuna til löggæslumála.“

Síðar í verkefnislýsingunni segir þar sem rætt er um hagræðingartillögur ríkistjórnarinnar (tillaga 43) að „ ... þannig eiga tillögurnar að leiða af sér betri nýtingu fjármuna og eflingu menntunar lögreglumanna.“

Starfshópurinn skoðaði ýmsa þætti varðandi fjármuni og nýtingu þeirra í tengslum við verkefnið.

Hópurinn velti fyrir sér hvort núverandi kostnaður við skólann og lögreglunámið væri á einhvern hátt óeðlilegur. Í því sambandi var mörgum spurningum velt upp, t.d. hvort unnt yrði að útvista náminu að mestum hluta til háskóla og fella kostnað undir reiknilíkan þeirra, hvort starfsnám lögreglunema ætti að vera launað og greitt af lögregluskólanum, hvort eðlilegt væri að skólinn fataði lögreglunema, hvort unnt væri að kenna hluta námsins í fjarnámi, hvort unnt væri að minnka annan kostnað í núverandi fyrirkomulagi og hvort skólinn gæti aukið tekjur sínar.

Núverandi kostnaður við lögregluskólann og lögreglunámið

Á fjárlögum fyrir árið 2014 eru fjárheimildir Lögregluskóla ríkisins kr. 188,6 milljónir og höfðu þá lækkað um 16,2 frá fyrra ári, þegar fjárheimildir voru 204,8 milljónir.

Útgjöld skólans á árinu 2013 samanstóðu helst af launum starfsmanna (102,9), sem aðallega eru fastráðnir og húsaleigukostnaði (48,3), en einnig launum lögreglunema í starfsnámi (26,6), fatakaupum lögreglunema (3,5) og kaupum á ýmis konar þjónustu (15). Annar kostnaður var helst ferðakostnaður (2,3) og bifreiðakostnaður (2,7).

Það sem fyrst og fremst stingur í augu er mikill húsnæðiskostnaður skólans, en núverandi húsnæði hans er rúmlega 2400 fermetrar og starfshópurinn telur ljóst að greina verði þörf skólans fyrir húsnæði til

fram tíðar og þá miðað við hugsanlegar breytingar á lögreglunáminu s.s. lengingu þess. Núverandi leigusamningur er til 25 ára og rennur sitt skeið seint á árinu 2031. Því verður að skoða, ef talið verði að húsnæðisþörf skólans sé minni en þetta, hvernig unnt sé að losa skólann undan a.m.k. hluta af núverandi húsnæðisskuldbindingum sínum t.d. með framleigu eða undir aðra starfsemi ríkisins.

Stærsti einstaki útgjaldaliður lögregluskólans, eins og í lögreglunni almennt, er launakostnaður. Starfshópurinn telur að um leið og starfsemi og skipulagi lögregluskólans er breytt, námið lengt, námsgreinum breytt eða við þær aukið og kröfur gerðar um aukna menntun a.m.k. hluta kennara skólans að starfsmannahald skólans verði endurskoðað í tengslum við breytingarnar sem standa fyrir dyrum.

Kostnaður við útvistun námsins

Ekki liggur fyrir hver kostnaður yrði við útvistun námsins til háskóla að mestu leyti.

Hver sem þessi kostnaður er telur starfshópurinn ljóst að nokkrir þættir yrði ætíð eftir hjá lögreglunni og er þar átt við t.d.:

- Lögreglufræði. Sérhæft nám sem verður að vera kennt innan lögreglunnar, t.d. LÖKE, valdbeiting og fl.
- Umsjón með starfsnámi lögreglunema.
- Símenntun starfandi lögreglumanna.
- Ýmis framhaldsmenntun fyrir starfandi lögreglumenn, t.d. sérhæfðar rannsóknir, valdbeiting, forgangsakstur, skotvopnþjálfun og fl.
- Rannsóknir í lögreglufræðum.

Launað starfsnám

Annar kostnaður skólans, sem starfshópurinn telur að nauðsynlegt sé að skoða sérstaklega er launað starfsnám lögreglunema, en samkvæmt núverandi fyrirkomulagi greiðir skólinn grunnlaun nema við störf hjá einstökum lögregluliðum. Þannig er í raun verið að greiða niður afleysingakostnað hjá þeim embættum, sem hafa helst verið lögregluliðin á suðvesturhorni landsins, enda fremur sjaldgæft að nemandi fari til smærri liða, þó starfshópurinn hafi ekki gert sérstaka könnun á þessu atriði. Starfshópurinn telur að breyta eigi þessu fyrirkomulagi og lögregluliðin sjálf greiði nemum laun þeirra, verði tekin ákvörðun um að hafa starfsnám launað að hluta eða öllu leyti. Hugsanlegt er að einstök lögreglulið muni

Þá ekki sjá hagræði í því að taka nema í starfsþjálfun og mætti hugsa sér að skólinn greiddi þess í stað umsjónarlaun á hvern nemanda sem þó yrði umtalsvert lægri upphæð en nú er. Gera yrði ráð fyrir að þessi kostnaður yrði áætlaður á fjárlögum til skólans hvernig sem fyrirkomulagið yrði, svo tryggt verði að skólinn gæti tekið inn þann fjölda nemenda sem lögreglan þyrfti á hverjum tíma. Það sama má segja um búnað lögreglunema, en sá kostnaður nemur u.þ.b. 250 þús. á hvern nemanda miðað við árið 2013.

Kostnaður á ársnemanda

Með tilliti til ofangreinds gerði starfshópurinn tilraun til þess að reikna út kostnað á hvern ársnemanda, eins og tíðkast í almenna menntakerfinu. Þar er hver ársnemandi skilgreindur sem sá sem situr 35 40 mínútna kennslustundir í viku í 35 vikur á árinu og lýkur og stenst próf að því loknu. Tekið var mið af bæði nemendum í grunndeild og framhaldsdeild. Sérstakur kostnaður lögreglunáms eins og starfsnám og fatakaup eru frátalin í þessum útreikningi. Miðað við þetta er lögregluskólinn að sinna u.þ.b. 25-30 ársnemendum á árinu 2013. Kostnaður pr. nemanda í lögregluskólanum miðað við þetta er því lauslega áætlaður í kringum 6 milljónir króna, sem er mun meira en kostnaður við ársnema í flestöllu öðru námi hér á landi. Geta skólans til fjölgunar nema er þó augljóslega mun meiri, en verið hefur, en sökum smæðar lögreglunnar er kostnaðurinn mjög hár á hvern nema. Þá eru mikil sóknarfæri til fjölgunar námskeiða á sviði framhaldsdeildarinnar.

Fjarnám

Starfshópurinn skoðaði hvort fjarnám gæti að einhverju leyti komið í stað hefðbundins náms við lögregluskólann. Þá var horft til þess sérstaklega að með því yrði unnt að sinna betur þörfum nemenda sem búa úti á landi og gera þeim þannig betur kleift að stunda nám við skólann. Nemendur og reyndar lögreglulið utan af landi hafa einmitt kvartað yfir því að dýrt sé að sækja námið til Reykjavíkur og það komi á tíðum í veg fyrir að efnilegir einstaklingar utan af landi sæki um í skólann.

Niðurstöður voru þær að margir háskólastofnanir bjóða í auknum mæli upp á fjarnám, en það er misjafnt milli skóla. Þessi möguleiki er því opinn og sparar nemendum kostnað og sér starfshópurinn að ýmsar greinar lögreglunáms mætti kenna í fjarnámi. Starfshópurinn mat ekki gæði fjarnáms miðað við hefðbundið nám.

Tekjumöguleikar

Starfshópnum þótti rétt að athuga hvort unnt væri með einhverjum hætti að auka tekjur lögregluskólans, en sértekjur hans hafa verið afar litlar eða engar síðustu ár utan fjárlaga. Með hliðsjón af því að þetta féll ekki beinlínis undir verkefni starfshópsins er einungis um ábendingar að ræða sem gætu nýst sem vegvísir fyrir skólann í framtíðinni.

Starfshópurinn telur að ekki sé óeðlilegt að á meðan á breytingunum á lögreglunáminu stendur að lögregluskólinn taki í auknum mæli gjald fyrir ýmsa þjónustu sem hann veitir, t.d. námskeiðsgjöld og leigu fyrir afnot af húsnæði skólans, en bendir á að í framtíðinni ætti það ekki að vera hlutverk hans nema í afmörkuðum tilfellum.

Viðauki B – Hagsmunaaðilar

Starfshópurinn skilgreindi í upphafi vinnu sinnar hverjir teldust til helstu hagsmunaaðila verkefnisins.

Í upphafi var þeim skipt í flokka eftir því hver tenging þeirra væri, að mati starfshópsins, við breytingar á lögreglunáminu en sú röðun var endurskoðuð nokkrum sinnum meðan á vinnunni stóð.

Hagsmunaaðilum var síðan raðað niður eftir mikilvægi, ákveðið að hitta þá sem teldust sérlega mikilvægir en hafa samskipti við aðra með símtölum eða tölvupósti. Þá var einnig tekin sú ákvörðun að vegna fyrirkomulags verkefnavinnunnar og tímarammans sem sniðinn var, yrði það verkefni eiganda verkefnisins, þ.e. IRR, að hafa samráð við suma þeirra. Það héldist enda í hendur við fyrirhugað kynningarstarf á niðurstöðum hópsins sem eðlilegt væri að ráðuneytið stæði fyrir til að skapa um hana sátt og samtöðu.

Hér skal stuttlega gerð grein fyrir fyrirkomulagi samtala, og e.a. niðurstöðum þeirra, sem skilgreindir voru sem hagsmunaaðilar.

- 1) **Lögreglumenn.** Boðað var til opins fundar í Lögregluskóla ríkisins 7. ágúst. Fundurinn var ekki fjölmennur (17 manns). Verkefnið kynnt. Engar sérstakar niðurstöður en lögreglumenn kalla eftir breytingum.
- 2) **Háskólinn á Bifröst.** Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst og Helga Kristín Auðunsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs skólans komu til fundar við starfshópinn þann 15. ágúst og kynntu viðhorf sitt til að taka þátt í menntun lögreglumanna. Niðurstaða þeirra er að háskólinn geti með auðveldum hætti tekið að sér menntun lögreglumanna og kynntu drög hugmynda að námsleið til BS prófs í lögreglufræðum.
- 3) **Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.** Starfshópurinn heimsótti Keili 29. ágúst og hitti að máli Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóra og Björgu Guðnadóttur, kennslustjóra. Niðurstaða Keilismanna er að þeir hafa mikinn áhuga á að taka þátt í eflingu lögreglumenntunar og taka þátt henni með einum eða öðrum hætti. Þeir sjá mörg tækifæri fyrir lögreglumenntunina vegna samninga sinna við stærsta hluthafa Keilis, Háskóla Íslands sem og fleiri háskóla.
- 4) **Starfsfólk Lögregluskóla ríkisins.** Starfshópurinn fundaði með starfsfólki Lögregluskóla ríkisins 2. september. Niðurstaða fundarins var sú helst að viðhorf sumra starfsmanna eru blendin til verkefnisins, ekki síst vegna þeirrar óvissu sem þeir eru í vegna mögulegra breytinga á vinnustað sínum.

- 5) **Núverandi nemendur í Lögregluskóla ríkisins.** Skólastjóri ræddi við nemendurna um verkefnið við setningu annar þann 2. september. Engar sérstakar niðurstöður eftir þann fund aðrar en að breytingarnar snerta þá nemendur ekki og að allt mun fara fram eins og til var stofnað í upphafi náms í þeirra tilfalli.
- 6) **Ríkislögreglustjóri.** Fulltrúi Ríkislögreglustjóra í hópnum hefur rætt það við Harald Johannessen. Niðurstöður þær helstar að Haraldur er opin fyrir öllum hugmyndum og slær fyrirfram ekkert út af borðinu.
- 7) **Ríkissaksóknari.** Ríkissaksóknara var kynnt vinna starfshópsins en hún mætti á opinn fund í Lögregluskóla ríkisins þann 7. ágúst. Ríkissaksóknari tók til máls á fundinum og lagði til að menn stígu varlega til jarðar í að stefna rակleitt á háskólastig með lögreglumenntunina.
- 8) **Landssamband lögreglumanna.** Tekin var ákvörðun um að varaformaður LL, sem er í starfshópnum, haldi forystu LL upplýstri um starf hópsins.
- 9) **Skrifstofa almannaöryggis (IRR).** Skrifstofustjóra almannaöryggisskrifstofunnar hefur verið haldið upplýstri með fundargerðum auk þess sem verkefnisstjóri hefur rætt við Þórunni J. Hafstein og Ingilín Kristmannsdóttur, skrifstofustjóra stefnumótunar og þróunar.
- 10) **Háskólinn í Reykjavík.** Starfshópurinn hitti forráðamenn lagadeildar Háskólans í Reykjavík þann 4 september. Af hálfu HR sátu fundinn Ragnhildur Helgadóttir, forseti lagadeildar og Sigurður Tómas Magnússon, atvinnulífsprófessor. HR lýsti yfir áhuga á verkefninu og var talið að ýmsir möguleikar væru opnir innan HR og unnt væri að nýta ýmis námskeið sem þegar standa til boða í deildum háskólans. Lögð var fram hugmynd að uppbyggingu náms til bakkalárgráðu og mastersgráðu. Tillagan felur í sér sameiginlega umsjón lagadeildar HR og Lögregluskólans á náminu. Ef vel væri haldið á spilunum væri möguleiki að hefja skipulagningu þegar í byrjun næsta árs og auglýsa námið þegar líður á vorönn með það fyrir augum að hefja nýja námsbraut haustið 2015.
- 11) **Háskólinn á Akureyri.** Starfshópurinn hitti Eyjólf Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri á fundi þann 12. september. Á fundinum kom m.a fram að skólinn hefur afar mikla reynslu af fjarnámi og jafnframt af starfsnámi og að sérnámskeið og framboð á ýmsum kennslugreinum falla vel að áherslum lögreglunnar. Unnið væri að því að hefja doktorsnám við skólann og svigrúm og vilji væri fyrir hendi til að mæta þörfum lögreglunnar eins og þær voru kynntar á fundinum.
- 12) **Háskóli Íslands.** Starfshópurinn hitti forráðamenn frá Háskóla Íslands á fundi 11. september. Af hálfu HÍ sátu fundinn Eyvindur G. Gunnarsson, forseti lagadeildar, Jón Atli Benediktsson,

aðstoðarrektor og Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslumála. Háskólamenn voru settir inn í verkefnið og hvaða sýn starfshópurinn hefði á verkefnið, þ.e. að efna til samstarfs við menntastofnun. Fram kom hjá þeim að sóknarfæri lægju í slíku samstarfi. Unnt væri að samnýta háskólakennslu úr einstöku fræðasviðum ef af yrði og samstarf við Keili væri þannig að það gerði verkefnið fýsilegt. Nám sem sótt væri eða skipulagt á vegum Keilis yrði þó alltaf á ábyrgð HÍ og lyti gæðaeftirliti þaðan. Þá myndi útskrift BA nemenda vera á þeirra vegum. Vöktu þeir athygli á því að á vettvangi HÍ væri mest sérfræðiþekking í íslenskum háskólum á ýmsum grunnþáttum opinbers réttarfars og rannsóknarstarf mikið. Að þeirra mati væri hægt að haga skipulagningu, ef að því yrði hugað á réttan hátt, þannig að starfsnám, sem væri á ábyrgð lögregluskólans, yrði metið og hluti af náminu. HÍ lagði áherslu á sérstöðu námsins og að halda ætti henni og gera námið eftirsóknarvert og ekki taka fleiri inn í það en þarfagreining benti til að þyrfti til viðhalds og eðlilegrar fjölgunar. Hægt væri að stjórna því á ýmsan hátt líkt og gert er í ýmsum deildum skólans, s.s. lagadeild.

Lögð var áhersla á að vanda þyrfti undirbúning og huga að öllum þáttum strax í upphafi vegferðar. Reynsla fyrir slíku væri fyrir hendi í HÍ eftir samstarf við Keili við tæknimenntun á háskólastigi og ýmsan lærdóm hægt að draga af henni.

13) Allsherjarnefnd. Starfshópurinn var kallaður á fund allsherjar- og menntamálanefndar alþingis þann 5. september. Þar gerði verkefnisstjórinn grein fyrir vinnunni sem unnin hefur verið og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna. Nefndarmenn ræddu m.a. traust til lögreglunnar og hversu mikilvægt væri að viðhalda því, kynjahlutfall og menntunarstig lögreglunnar, sóknarfæri til að jafna stöðu kynjanna innan lögreglunnar sem og ákalla lögreglumanna og samfélagsins til vel menntaðrar lögreglu. Þá var rætt hvernig íslensk lögreglumenntun kemur út í samanburði við lögregluna á Norðurlöndum, einnig mikilvægi framhaldsmenntunar. Þá var rætt um erlent samstarf á sviði lögreglumenntunar og nauðsyn þess að auka þekkingarstig íslensku lögreglunnar á skipulagðri glæpastarfsemi, ekki síst á sviði tölvu- og netglæpa.

14) Lögreglustjórafélagið. Verkefnisstjóri hitti lögreglustjórafélagið á reglulegum fundi þann 25. ágúst og fór yfir vinnu starfshópsins. Þar var m.a. kynnt sú niðurstaða að ekki væri stefnt að inntöku nemenda á ný í óbreyttu kerfi heldur biði það eftir því að lögreglunáminu yrði breytt. Ekki voru höfð uppi andmæli við þessa niðurstöðu.

15) Þingnefnd um gerð löggæsluáætlunar. Starfshópurinn telur mikilvægt að starf þingnefndar um gerð löggæsluáætlunar hafi áhrif við mótun færnikrafna fyrir lögreglu. Það er hins vegar verkefni

sem ekki er unnt að hefja fyrr en samstarf hefst við þann eða þá háskóla sem taka að sér kennslu grunnnáms í lögreglufræðum. Ekki var því leitað eftir fundi með nefndinni að svo stöddu.

Eftirtaldir hagsmunaaðilar voru taldir eiga það lítinn hlut eða ekki nægilega skilgreindan að málum að ekki væri ástæða til að ræða við þá fyrir skil verkefnisins. Starfshópurinn leggur til að innanríkisráðuneytið leiti leiða til kynna þeim það eftir skýrsluskil, t.d. með birtingu á vefsíðu sinni, og kalli eftir athugasemdum á þeim vettvangi.

Dómstólaráð, Tollæslan, almenningur, Samband sveitafélaga, yfirlögreglupjónar, millistjórnendur innan lögreglunnar, fangelsismálastofnun, Landhelgisgæsla Íslands, Öryggisfyrirtækin, Landsbjörg, Ákærendafélagið og Lögmannafélag Íslands.

Viðauki C - Framhaldsnám

Aðferðafræði og inngangur

Við úrlausn þessa efnis í vinnu starfshópsins var leitast við að svara 14 spurningum sem urðu til við hugmyndavinnu. Fjallað verður stuttlega um hverja og eina þeirra hér síðar en fyrst fjallað um framhaldsmenntun, eins og hópurinn kys að skilja það hugtak í þessu samhengi.

Tilraun til skilgreiningar:

Í hugtakinu „framhaldsnám“ sem tengist Lögregluskóla ríkisins felst a.m.k. þrennt.

Í fyrsta lagi er það það nám sem framhaldsdeild lögregluskólans sér lögreglumönnum, og einnig öðru starfsfólki lögreglunnar, fyrir m.a. starfsþróunarnámskeiðum og stjórnunarnámskeiðum.

Í öðru lagi nám lögreglumanna og annarra starfsmanna lögreglunnar sem sótt er á vegum skipulagsheildarinnar til systurstofnana lögregluskólans og samstarfsaðila hans og annarra stofnana lögreglunnar.

Í þriðja lagi nám sem lögreglumenn og annað starfsfólk lögreglunnar sækir sér á eigin vegum en með fulltingi og e.a. aðstoð vinnuveitanda s.s. með því að vinnuveitandi veitir svigrúm svo starfsmaður geti sótt nám sitt að hluta til eða öllu leyti í vinnutíma sínum.

1. Framhaldsnám í lögregluskóla ríkisins

Það er lögskipað hlutverk lögregluskólans að starfrækja framhaldsdeild og er því hlutverki lýst í 2. málsl. 1. mgr. 36. greinar lögreglulaga nr. 90/1996 og það nánar útfært í III kafla reglugerðar um lögregluskóla ríkisins nr. 490/1997. Úfærsla laga- og reglugerðartextans er ekki mjög ítarleg en þar eru nefnd þrjú hugtök, þ.e. símenntun, sérmenntun og framhaldsmenntun. Fyrri hugtökin skýra sig sjálf að mestu leyti en skv. 12. gr. reglugerðarinnar er útskýrt að með framhaldsmenntun sé átt við stjórnunarnám.

Frá því sú skipan var tekin upp árið 1997 að skilgreina lögregluskólann í tveimur deildum hefur skólinn haldið mikinn fjölda námskeiða. Nokkuð áreiðanlegar heimildir eru til í lögregluskólanum um fjölda námskeiða, inntak þeirra og fyrirkomulag og starfshópurinn kys að styðjast við tölfraði sem tekin var

saman af þessu tilefni fyrir árin 1999 – til 1. júní 2014 fyrir 13,5 ára starfsemi framhaldsdeildarinnar (sjá töflu aftast í kaflanum).

Námskeiðafjöldi er umtalsverður og að baki þeim námskeiðum sem haldin hafa verið, býr mikið vinnuframlag frá lögreglunni í landinu í formi námskeiðasóknar lögreglumanna en einnig kennslu frá starfsmönnum skipulagsheildarinnar þar sem stór hluti kennslunnar er borinn uppi af þeim. Þetta fyrirkomulag er dýrt því í langflestum tilfellum sækja starfsmenn starfstengd námskeið í vinnutíma sínum og eru á fullum launum.

Þess má geta að viðurkennt hefur verið að lögreglunám á Íslandi sé stutt og að nauðsynlegt hafi verið að styrkja lögregluna með öflugum námskeiðahaldi. Ekki verður séð að lengra lögreglunám eyði þörf fyrir starfsþróunarnámskeið og leggur hópurnir því til að haldið verði áfram á sömu braut en tekið verði upp markmiðasett skipulagning starfsþróunarnámskeiða sem miði að því að styrkja starfsmenn en að koma jafnframt á framfæri með skilvirkum hætti áherslum stjórnvalda í löggæslumálum. Slíkt verði gert með markvissri þarfagreiningu undir stjórn lögreglunnar með aðkomu sérfræðinga hennar og sérfræðinga utan hennar.

Það er niðurstaða starfshópsins að starfsþróunarnámskeið á vegum lögregluskólans séu lögreglunni mjög mikilvæg og vandséð að hægt sé að sækja stærstan hluta þeirra annað en innan lögreglunnar eða í það minnsta með aðkomu sérfræðinga hennar. Því telur starfshópurinn að nauðsynlegt sé að til staðar sé eining innan lögreglunnar sem vinnur skipulega að því að bjóða upp á slík námskeið.

Lögreglustjóri velur þá sem sótt geta nám við framhaldsdeildina og getur starfsmaðurinn sjálfur ekki gengið frá skráningu eða tekið ákvörðun um þátttöku án atbeina yfirstjórnar síns embættis.

Starfshópurinn leggur til að settur verði á samráðshópur sem skilgreini menntunarfærir á hverjum tíma og er það tillaga hópsins að fest verði í sessi það skipulag að í lögregluskólanum eða annars staðar innan lögreglunnar, verði hópur skipaður starfsstéttum lögreglunnar og frá skólasamfélaginu sem leggi drög að námskeiðaframboði í samræmi við framtíðarsýn stjórnvalda í menntunarmálum og taki þá mið af því sem best gerist hjá þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Hópurinn telur að líta megi til Danmerkur með fyrirmynd en þar hefur verið þróað fyrirkomulag sem er til eftirbreytni.³

Það yrði í verksviði slíks starfshóps/samráðshóps að leita uppi hentug menntunartækifæri hjá menntastofnunum landsins eftir því sem aðstæður leyfðu en önnur menntunartækifæri yrðu skipulögð af lögregluskólanum og leitast yrði við að nýta ávallt þær aðferðir við framsetningu, skipulag og kennslu sem bestar eru og hagkvæmastar s.s. fjarkennslu.

2. Framhaldsnám hjá systurstofnunum og samstarfsaðilum

Ýmis menntunartækifæri standa íslensku lögreglunni til boða hjá lögregluskólum á Norðurlöndum. Skólastjórar norrænu lögregluskólanna funda árlega og á reglulegum fundi þeirra í september 2013 var rædd móttaka lögreglumanna á námskeið. Fram kom að, burtséð frá nemenda- og kennaraskiptum, sem fylgja samningum (Nordplus-styrkir, samanber Nordcop), stæði Íslandi til boða að senda lögreglumenn, sérstaklega stjórnendur, á námskeið hjá hinum Norðurlöndunum. Slíkt gæti farið fram með mjög óformlegum hætti og þyrfti ekki að fara í gegn um stýrikerfi norrænu styrkjanna.

Þá berst einnig fjöldi boða frá CEPOL, Frontex og Europol auk þess sem ýmis tilboð um námskeið berast frá t.d. FBI í BNA og frá AEPC⁴.

Það er skoðun starfshópsins að umsýsla þessara menntunartilboða eigi að vera á einni hendi og nærtækast er að hún sé í lögregluskólanum. Í dag berast þau á ýmsa staði s.s. til lögregluskólans, lögreglustjórans á Suðunesjum, ríkislögreglustjórans og jafnvel á aðra staði innan stjórnsýslunnar. Fyrirferðarmest í þessum efnum hefur verið umsýsla og skipulagning sóknar á ýmiskonar mikilvæg námskeið á vegum CEPOL sem Lögregluskólinn hefur annast á grundvelli samnings sem er í gildi⁵.

Eðlilegast er að mati starfshópsins að nýtt verði sú reynsla sem orðið hefur til við þátttökuna í CEPOL-samstarfinu og að framhaldsdeild lögregluskólans verði falið verkefnið og skilgreindir ákveðnir fjármunir í það.

³ Sjá skýrslu Eiríks Hreins Helagasonar um heimsókn til danska ríkislögreglustjórans, framhaldsmenntunarsviðs, í febrúar 2014 sem og skýrslu Karls Gauta Hjaltasonar og Frímans Birgis Baldurssonar um heimsókn til danska ríkislögreglustjórans í ágúst 2014.

⁴ Assosiation of European Police College

⁵ Lögregluskólinn hefur haft milligöngu um að senda um 20 lögreglumenn og ákærendur á námskeið á ári hverju undanfarin ár sbr. yfirlit.

Það er mikil og sérhæfð vinna að fylgja eftir námskeiðaboðum, greina þau, koma á framfæri innan lögreglunnar. CEPOL vinnur eftir stífum reglum við skipulagningu og öll samskipti verða að fara um s.k. NCP⁶. Svipað er uppi með Frontex námskeið.

Árlega berast 80-100 boð um CEPOL-námskeið, sem að sögn deildarstjóra framhaldsdeildar lögregluskólans, eru misáhugaverð en langflest uppfylla þarfir íslensku lögreglunnar. Öll námskeiðin miða hins vegar að því koma á framfæri upplýsingum um þau áhersluatriði sem ESB setur í öryggismálum og innri málefnum Evrópu. Þau eiga því oftast erindi við íslensku lögregluna.

Kostnaður við að sækja námskeið á vegum CEPOL er nokkur, að jafnaði um 130€ pr. námskeiðsdag⁷ en vegna stöðu Íslands sem aðildarumsóknarríkis (kandidatsríkis) gagnvart ESB gefst kostur á að sækja um að CEPOL kosti fargjöld þátttakenda en það léttir róðurinn nokkuð.

Í töflu 2 og 3 aftast í kaflanum má sjá yfirlit yfir námskeið sem sótt voru árið 2012 og 2013. Þau voru í öllum tilfellum sérvalin þegar þau voru kynnt innan lögreglunnar, þ.e. ákveðin grisjun fór fram í framhaldsdeild lögregluskólans áður en þau voru í kynnt og sumum sérfræðingánámskeiðum var eingöngu beint á þá staði þar sem sú starfsemi fer fram sem námskeiðin fjölluðu. Nokkur fjöldi námskeiða er þó á hverju ári kynntur öllum yfirlögregluþjónum og eða lögreglustjórum f.h. embættanna sem þeir stýra og stjórna.

Auk námskeiða á vegum CEPOL sem sótt voru frá Íslandi voru send s.k. Webinars frá CEPOL með milligöngu lögregluskólans í um 10-15 skipti hvort ár.

Tillaga starfshópsins er að lögð verði áframhaldandi rækt við að sækja CEPOL-námskeið, tilboð um þau gerð sýnileg öllum í lögreglunni (t.d. á innri vef lögreglunnar „Lindinni“), námskeiðaframboð frá öðrum samstarfsaðilum erlendis verði jafnframt tekin á svipaðan hátt til skoðunar og kynningar innan lögreglunnar og reynt að koma þeim á framfæri með skilvirkum hætti með það fyrir augum að styrkja lögregluna með nýrri þekkingu.

Nám sótt út fyrir lögregluna

⁶ National Contact Points sem er skilgreint starf innan lögreglumenntastofnana ESB og samstarfsríkjanna

⁷ Að meginstefnu til hefjast námskeið á mánudegi, síðdegis og þeim lýkur á föstudegi í sömu viku. Sum námskeið eru í lotuformi og sækja nemendur þá 2-4 lotur á nokkurra mánaða tímabili (hámark á almanaksárinu)

Lögreglumenn og annað starfsfólk lögreglunnar sækir gjarnan nám meðfram störfum sínum og nýtur oftast en ekki fulltingis vinnuveitanda við það í formi tilhliðrunar á vinnuskyldum o.þ.h.

Að mati starfshópsins er það jákvæð þróun og í takt við tíðarandann í þjóðfélaginu og þarfir lögreglunnar.

Það er mat starfshópsins að setja eigi fram í mannauðsstefnu lögreglunnar eða í annað stefnumótunarplagg skipulagsheildarinnar, með skírurum hætti leiðarljós um slík atriði.

Með því verði tryggð jöfn aðstaða starfsmanna en um leið yrði þeim beint, eins og kostur er, í ákveðnar áttir í sínum lærdómi og námi. Með því yrði stigið skref sem tryggði að þekkingin sem fjárfest er í með þessum hætti í tíma vinnuveitanda, nýttist sem mest í framtíðinni innan skipulagheildarinnar. Það myndi stuðla að því að starfsmenn hyrfu í minna mæli á braut út úr lögreglunni að viðbótarnámi loknu.

Í þessu samhengi má nefna að sumar starfsstéttir lögreglu hafa í sínum kjarasamningi eða vinnustaðasamningi viljrði um að geta sótt nám í ákveðinn tíma á ári (söfnunarréttur á ákveðnu ára bili sbr. t.d. grein 10.1.3 í kjarasamningi LL við fjármálaráðherra).

Að mati starfshópsins á að hvetja starfsfólk lögreglunnar til að nýta sér slík ákvæði en leita jafnframt leiða til að stjórna þeirri þekkingaröflun í þágu vinnuveitanda, jafnt og starfsmanns, eins og unnt er.

Starfshópurinn vekur athygli á því að ekki er virk miðlæg skráning á umframþekkingu og -menntun starfsfólks lögreglunnar og er brýnt að bæta úr því enda býður t.d. tölvukerfið Oracle, mannauðskerfi ríkisins, upp á slíka skráningu, án kostnaðar.

Hvatt er til þess að því verkefni verði komið af stað sem fyrst.

Spurningar og svör!

Eiga nemar á námskeiðum að sækja námið á launum eða í eigin tíma?

Löng hefð er fyrir því og það einnig áskilið í kjarasamningum flestra starfsstétta að ákveðin námskeiðasókn í þágu starfsins fari fram í vinnutíma starfsmanns. Vandséð er að unnt sé að víkja frá því nema með því að breyta kjarasamningum

Af hverju nýtum við ekki endurmenntun háskólanna?

Starfshópurinn telur að í því felist sóknarfæri að nýta þá menntun og fræðslu sem endurmenntunarsvið háskólanna, og e.a. annarra æðri menntastofnana, bjóða uppá og mælir með því að framhaldsdeild Lögregluskólans/lögreglunnar verði í virku samstarfi við þau.

Getum við tengt framhaldsmenntun við launakjör?

Margar stéttir, s.s. kennarastéttin og sumar starfsstéttir innan SFR hafa slíkt fyrirkomulag og hefur það gefist að mörgu leyti vel. Þetta er ekki alveg óþekkt innan lögreglunnar sbr. stofnanasamninga en fyrirkomulagið er ekki mótað. Hins vegar gerir starfsstigareglugerð lögreglu ráð fyrir því (rg.1051/2006, 14. gr.) ráð fyrir slíkri víxlverkun náms og launa þegar kemur að frömun innan starfs.

Það er mat starfshópsins að leggja eigi vinnu í að greina námskeiðaframboð sem lögreglumenn hafa haft innan Lögregluskólans og að við framtíðarskipan framhaldsmenntunar lögreglu verði menntun og þekking, sem nýtist, skilgreind sem verðmæti sem rétt sé að greiða umbun fyrir.

Hvernig má strúktúrera framhaldsnám? Sérnámskeið/stjórnun

Það er mat starfshópsins að sérnámskeið sem lögreglunni þarf að standa til boða séu það sérhæfð að ávallt eigi að leita til færustu sérfræðinga innan lögreglu og utan til að skipuleggja þau. Starfshópnum hugnast vel það fyrirkomulag sem reynt hefur verið með góðum árangri í framhaldsdeild lögregluskólans, að setja á laggirnar sérstök fagráð/stjórn við undirbúning og framkvæmd námskeið og mælir eindregið með því að það fyrirkomulag verði þróað áfram.

Vantar yfirlit yfir námsframboð v.starfsþróunaráætlana? t.d. 5 ára áætlanir?

Það er mat starfshópsins að námskeiðaframboð fyrir lögregluna eigi að haldast í hendur við stefnumörkun stjórnvalda í málaflokkunum sem undir hana heyra og samhliða breytingum sem verða, nýjum áherslum o.þ.h. eigi ávallt að greina menntunar/þjálfunarþörf og gera þann hluta sýnilegan í breytingarferlinu. Stefna ætti að því að birta upplýsingar um námskeiðahald með góðum fyrirvara þannig að fjármunir embættanna nýtist sem best þegar vinnutími starfsmanna er skipulagður.

Þarf að vera framhaldsdeild?

Starfshópurinn telur að margt af því sem lögreglunni er ætlað að gera og þjálf þarf starfsmenn hennar til, sé svo sérhæft að það verði ekki gert nema með því að starfsrækja sértaka einingu sem annast

þjálfunin. Sé litið til nágrannalandanna þá starfrækja þau öll slíka deild í lögreglumenntastofnunum sínum eða í tengslum við yfirstjórn lögreglunnar.

Af hverju eru þrjú svið í framhaldsdeild?

Svarið við spurningunni er einfalt: Af því að svo er mælt fyrir í lögreglulögum. Að mati starfshópsins nauðsynlegt að endurskoða þessi ákvæði, þau eru órökstudd í lögskýringargögnum og í stjórnvaldsfyrirmælum.

Getum við útvistað framhaldsnámi? (símenntun)

Að mati starfshópsins eru sóknarfæri í því að útvista tilteknum greinum framhaldsnáms starfsstétta lögreglunnar út úr skipulögðu menntunarkerfi hennar. Sérstaklega má þar nefna fræðslu um stjórnunargreinar, m.a. mannauðsstjórnun, en einnig greinar sem tengjast lögfræði og viðskiptafræði sem nýtast t.d. við rannsóknir fjármunabrota. Ýmis fög sem tengjast tölvumálum koma þar einnig til álita svo dæmi séu tekin en vakin er athygli á framansögðu um sérstöðu lögreglustarfsins í lið 6.

Hvernig uppfyllir lögregluskólinn þarfir vaktavinnufólks?

Að mati starfshópsins þarf að greina á milli starfsstétta lögreglunnar þegar kemur að námskeiðaframboði og huga sérstaklega að því að bjóða upp á tiltekin námskeið/fræðslu í fjarnámi sem vaktavinnufólk getur nýtt sér á starfsstöðvum sínum. Hins vegar liggur fyrir að ekki hentar öll fræðsla jafn vel í það form á framsetningu og því leggur starfshópurinn til að lögregluembættin verði höfð með í ráðum þegar tiltekin námskeið eru skipulögð og reynt að koma þeim á einhvern hátt að í vinnutíma vaktavinnufólks. Að mati starfshópsins er rétt að hafa þetta í huga og mynda ráðgjafahóp sem finni sem hentugasta lausn á þessu verkefni.

Hver á að sinna námsgagnagerð? Kostnaður?

Starfshópurinn leggur til að fundin verði leið til að nýta sérþekkingu innan lögreglunnar til að semja kennslufni sem nýtist við kennslu. Það á við um báðar deildir skólans. Lagt er til að leita eftir sérfróðum starfsmönnum innan lögreglunnar sem færðir yrðu tímabundið til starfa í lögregluskólanum, t.d. í 2 mánuði í senn, þar sem þeir, undir stjórn og í umboði fagráðs viðkomandi fags/námskeið og skólastjóra, ynnu kennslufni sem yrði eign Lögregluskólans/lögreglunnar. Eftir atvikum mætti leita samráðs við útgáfufyrirtæki á fræðibókasviði (Codex/útgáfur háskólanna o.s.frv.) um útgáfu til að selja efnið á frjálsum markaði. Kennslubækur og kennslufni yrði ekki afhent endurgjaldslaust til nemenda heldur er

það tillaga að þeir kaupi kennslufni líkt og tíðkast í annarri menntun. Viðurkenna yrði þó að í sumum tilfellum þyrfti lögregluskólinn að leggja eitthvað af mörkum.

Eru námskeið í FD ætluð fyrir aðra en lögreglumenn?

Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. rgl. um lögregluskóla ríkisins er heimilt að lögregluskólinn haldi námskeið fyrir aðra en lögreglumenn. Slíkt hefur enda verið raunin lengst af og hafa aðrir starfsmenn lögreglu en lögreglumenn og reyndar starfsstéttir utan lögreglu, sótt námskeið í framhaldsdeild skólans. Að mati starfshópsins er mikilvægt að bjóða upp á sem mest af þverfaglegum námskeiðum þar sem þar á við og reynslan sýnir að námskeiðin nýtast fullkomlega öðrum en lögreglumönnum.

Á að auka/efla reglubundna símenntun?

Að mati starfshópsins er símenntun nauðsynleg til að viðhalda færni og þekkingu starfsmanna. Starfshópurinn telur að símenntun starfsfólks og starfsþjálfunarnámskeið eigi að meta út frá þörf skipulagsheildarinnar hverju sinni og taka mið af stefnumörkun yfirstjórnar lögreglunnar m.a. eins og hún birtist í starfsmannastefnu/mannauðsstefnu.

Á að greiða fyrir sérnámskeið?

Að mati starfshópsins er sú hugmynd fullkomlega raunhæf, ekki síst ef námskeið sem viðkomandi sækir, nýtist til starfsframa og býður upp á að umbun fyrir starfið verði meiri með einhverjum hætti. Hér er hins vegar um flókið mál að ræða sem taka þyrfti upp í viðræðum starfsstétta lögreglunnar og við endurskoðun lagaumhverfis. Starfshópurinn telur eðlilegt að endurgjald fyrir verðmæta þekkingu verði reitt af hendi og með því aukist kröfur á námskeiðshaldara um að veita enn betri fræðslu og þjálfun á námskeiðum. Lítilsháttar reynsla liggur fyrir hjá lögregluskólanum í þessum efnum og sýnir hún að ef greitt er fyrir námskeið, eykst helgun allra sem að málunum koma og kröfur aukast.

Tafla 1.

Yfirlit yfir námskeið í framhaldsdeild 1999- 1.júní 2014

Ár	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda	Kennslumagn= þátt*ke	Fjöldi námskeiðsdaga	Símenntunarnámskeið	Sémenntunarnámskeið	Stjórnumunarnámskeið
					Sundurliðun námskeiða		
1999	13	230	41988	46	1	12	0
2000	47	1267	118571	103	7	40	0
2001	62	926	80112	111	6	56	0
2002	31	532	30480	94	3	28	0
2003	14	285	23346	83	5	8	1
2004	18	401	47626	108	5	11	2
2005	56	900	27282	125	2	50	4
2006	40	704	35406	169	4	34	2
2007	40	574	39810	121	0	36	4
2008	27	369	8755	87	0	27	0
2009	82	1173	24129	216	0	82	0
2010	88	952	21699	194	22	62	4
2011	54	639	29595	143	9	45	0
2012	29	487	18878	97	5	21	3
2013	14	264	7018	36	0	10	4
2014 (1.jún)	13	376	8781	48	0	9	4
Meðaltöl	Námsk pr ár	Þátt pr ár	Kennslum	Dagar			
1999-2014	34,8	618,8	35217,25	115,53			
Heildarfjöldi námskeiða, þátttakenda, kennslumagn og kennsludaga frá 1999							
	628	10079	563476	1781	69	531	28

Tafla 2

CEPOL námskeiðasókn árið 2012

Tafla 3

CEPOL námskeiðasókn árið 2013

**Heiti námskeiðs
Fargjald greitt af CEPOL**

- 1 Trafficking in Human Beings
- 2 Trafficking in Human Beings
- 3 Topspoc Iota 2
- 4 Topspoc Iota 4
- 5 Learning and training in electronic environment
- 6 Learning and training in electronic environment
- 7 Economic and financial crimes
- 8 Economic and financial crimes
- 9 Informant Controller Course
- 10 Train the Trainers Sirene
- 11 Forensic Science and DNA
- 12 Forensic Science and DNA
- 13 THB Victim Handling
- 14 Communication and Media Awareness
- 15 Cybercrime forensic
- 16 Dismantling Illicit Laboratories

- Transition Internet Protocol Version 4 (IPv4) to
17 Ipv

Fargjald greitt af viðkomandi embætti

- 18 CEPOL 2012-61 SIRENE Advanced Training
- 19 Police Interviews
- 20 Dealing with crime victims
- 21 Topspoc Iota 1
- 22 Topspoc Iota 3
- 23 Homicide investigation seminar
- 24 Homicide investigation seminar
- 25 Dismantling Illicit Synthetic Drugs Laboratories
- 26 Kynopol

**Heiti námskeiðs
Fargjald greitt af CEPOL**

- Dismantling illicit
1 laboratories
- 2 EMPEN
 - 3 Forensic including DNA
 - 4 Money Laundering
 - 5 Policing in Europe
 - 6 Policing in Europe
 - 7 Policing in Europe
 - 8 Presidency conference on diversity
 - 9 Social Media
 - 10 Sirena II Technical use
 - 11 Topspoc
 - 12 Topspoc
 - 13 Topspoc
 - 14 Topspoc
 - 15 Train the trainer on operational Integrated Analysis
 - 16 Cybercrime v/Cyber Security
 - 17 Joint Investigation Teams
 - 18 Trafficking in Container Shipments
 - 19 Trafficking in Container Shipments
 - 20 Quality Assurance in Law Enforcement Training
 - 21 Quality Assurance in Law Enforcement Training

Viðauki D - Starfsnám

Núverandi staða

Starfsnám í lögregluskólanum er um það bil 1/3 af námstímanum eða um 4 mánuðir og hefst strax að lokinni fyrri bóknámsönn. Á hverju ári hefur lögregluskólinn gefið út námsskrá fyrir starfsnámið og falið ákveðnum embættum að sjá um framkvæmd kennslunnar. Sú lýsing sem hér er á því hvernig starfsnámið á að vera byggt upp er unnið upp úr námsskrá fyrir starfsnámsönnina 2014.

Starfsnám skal fara fram hjá aðalstöð einhvers þeirra 15 lögregluumdæma sem eru á landinu en æskilegt er að hún fari fram í lögregluumdæmi þar sem starfrækt er sérstök rannsóknardeild.

Í starfsnáminu fá lögreglunemarnir greidd laun samkvæmt kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og hafa lögregluvald við störf sín. Lögregluskóli ríkisins greiðir grunnlaun starfsmanna en starfsþjálfunarembættið greiðir vaktarálag og yfirvinnu sé hún einhver. Lögreglunemar taka áunnið orlof sem fellur til í starfsnáminu á starfsnámstímanum.

Til þess að lögreglunemi geti hafið starfsnámið þarf viðkomandi að hafa lokið fullnægjandi árangri í prófum á fyrstu bóknámsönninni. Mjög mikil áhersla er, af hálfu lögregluskóla ríkisins, lögð á að nemendur í starfsnámi eru lögreglunemar en ekki lögreglumenn. Þeir skulu því ekki sinna lögreglustörfum eins og um afleysingamenn í lögreglu væri að ræða enda eru þeir til viðbótar því lögregluliði sem er hjá hverju lögregluembætti.

Eftir því sem við verður komið, samkvæmt uppbyggingu og verkefnum hvers starfsnámsembættis, skal leitast við að kynna hverjum nemanda sérstök viðfangsefni í starfsemi lögreglunnar.

Í námsskránni er tilgreint að einn tiltekinn starfsmaður þeirra lögregluembætta sem hafa nemendur í starfsnámi skuli hafa yfirumsjón með starfsnámi allra nemenda hjá viðkomandi embætti. Hann skal vera tengiliður embættisins við Lögregluskóla ríkisins hvað starfsnámið varðar. Ríkar skyldur eru lagðar á herðar þess sem tilnefndur er tilsjónarmaður og ábyrgð hans gagnvart lögreglunemanum er mikil. Talið er eðlilegt að hann komi úr hópi lögreglumanna sem sinni almennri löggæslu, hafi mikla reynslu og er skilyrði að hann sé hæfur til að veita leiðsögn. Tilsjónarmaðurinn skal fylgja nemanum að svo miklu leyti sem því verður við komið. Hver nemandi getur haft fleiri en einn tilsjónarmann og þá er einnig tilgreint að hver tilsjónarmaður geti haft fleiri en einn nema undir sinni handleiðslu.

Á meðan starfsnáminu stendur skal meta persónulegt atferli lögreglumana. Markmiðið með því er að meta hæfileika nemandans til áframhaldandi náms og hæfileika hans til að gegna starfi lögreglumanns að loknu grunnnámi; að meta nytsemi starfsnámsins; búa til aðgerðaráætlun fyrir einstaka nemendur sé ástæða til þess og skapa grundvöll fyrir umsögn sem hver nemandi fær í lok starfsnámsannarinnar. Viðkomandi tilsjónarmaður ber ábyrgð á mati nemandans. Hann skal fyrst og fremst byggja matið á eigin reynslu sinni af samskiptum við nemandann en auk þess að leita eftir upplýsingum frá yfirmönnum og samstarfsmönnum nemandans.

Matið er til þess gert að finna veikleika hjá einstökum nemendum ef um þá er að ræða þannig að hægt sé að grípa sem fyrst inn í til að reyna að bæta úr veikleikunum. Með þessu fyrirkomulagi einnig hægt að finna þá þætti í fari einstaklings sem eru framúrskarandi. Matið þarf að vera unnið með það að aðalmarkmiði að það verði nemandanum að gagni. Mjög mikil áhersla er lögð á að það sé sanngjarnt og unnið á jákvæðan hátt. Þeir þættir sem leitast skal við að meta í fari hvers nemanda eru framkoma, tjáskipti, nákvæmni og stundvísi, áhugi, samvinna, streituþol, sjálfstæði, sveigjanleiki og vinnusiðfræði.

Við lok starfsnámsins skal tilsjónarmaður gefa hverjum nemanda skriflega umsögn, byggða á mati hans á framkomu og frammistöðu nemandans á starfsnámsönninni. Skýrslunni skal skilað til Lögregluskóla ríkisins en áður skal tilsjónarmaður kynna nemandanum umsögnina og gefa honum færi á því að tjá sig um hana, munnlega eða skriflega. Skriflegar athugasemdir nemanda, ef einhverjar eru, skulu fylgja skýrslunni til Lögregluskóla ríkisins.

Í lok starfsnámsins, um leið og seinni bóknámsönnin byrjar skulu lögreglumarnir skila deildarstjóra grunnnáms skýrslu um starfsnámið. Markmiðið með skýrslunni er að reyna að meta starfsnámið og jafnframt að tryggja að þróun grunnnáms Lögregluskóla ríkisins sé í góðri samvinnu milli nemenda, starfsnámsembættanna og skólans. Sömuleiðis verður reynsla nemenda af starfsnáminu og þau viðfangsefni sem þeir voru að fást við notuð til grundvallar kennslu í grunnnámsdeild skólans í framtíðinni.

Í skýrslunni skulu fimm atriði koma fram. Þau eru:

1. Stutt greinargerð þar sem fram kemur almennt hver reynsla nemandans af starfsnáminu var, bæði það sem var gott og eins það sem mætti betur fara að hans mati.
2. Gerð grein fyrir a.m.k. tveimur málum sem neminn vann að í starfsnáminu og eru honum ofarlega í huga. Skýra skal frá því hvað það er varðandi málin sem varð til þess að nemandinn valdi þau en ekki einhver önnur. Afrit af lögregluskýrslu um málin skal fylgja með, sé þess nokkur kostur.
3. Nefna til sögunnar a.m.k. tvö mál eða atvik þar sem reyndi á atriði tengd framkomu og siðfræði, hvort heldur er varðandi samskipti við borgarana eða samstarfsfólk nemandans.
4. Greint frá a.m.k. tveimur verkefnum sem hann vann að og varða, að mati hans, sálfræði, afbrotufræði, félagastuðning, úrvinnslu erfiðra mála, áfallahjálp eða samskiptatækni.
5. Skýrt frá því hvað hann gerði á starfsnámsönninni til að halda sér í góðu líkamlegu formi.

Skoðun starfshóps og tillögur

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum lögregluskólans er mikill munur á milli embætta hvernig starfsnámið er byggt upp og framkvæmt og hefur skólinn lítið vald yfir því. Sum embætti leggja mikinn metnað í að skilyrði námsskrárinnar um starfsnámið sé uppfyllt og að það skili nemanum sem mestri reynslu og fræðslu á meðan önnur sinna lögreglunemum mjög lítið. Dæmi eru um að lögreglunemar hafi örsjaldan unnið með eða fengið leiðsögn frá tilnefndum tilsjónarmanni og jafnvel komið fyrir að nemarnir vinni að megin hlutanum til með nýútskrifuðum lögreglumönnum með litla reynslu og jafnvel settir sem stjórnendur á lögreglubifreiðum með ófaglærðan lögreglumann í afleysingum sér til aðstoðar. Starfshópurinn telur óásættanlegt að ekki sé lagður metnaður við framkvæmd starfsnámsins að hálfu allra þeirra embætta sem taka við lögreglunemum.

Það er mat starfshópsins að það sé ljós að breyta þurfi uppbyggingu starfsnámsins og gera ríkari kröfur til þeirra embætta sem taka við lögreglunemum í starfsnám. Starfsnámið eins og það er í dag er of stutt og þyrfti að lengja það í allt að 12 mánuði og skipta því í tvo hluta. Tryggja þarf að nemarnir fái aukna kennslu og fræðslu í þessum hlutum námsins með ríkri tengingu við það sem kennt er á bóknámsönnum. Samhliða því ber að gera meiri kröfur til lögreglunema um verkefnavinnu þannig að raunhæfur möguleiki sé á falli í þessum hluta námsins og þannig verði hægt að meta það til eininga. Telur hópurinn að líta beri til Danmerkur um innihald og uppbyggingu á starfsnáminu þar.

Gera þarf meiri kröfur til starfsþjálfunarembætta um að tilsjónarmönnum sé gefið færi á að sinna þeim skyldum sem fylgja því að hafa lögreglunema undir þeirra handleiðslu. Skoða ber alvarlega hvort greiða eigi sérstaklega fyrir það hlutverk að vera tilsjónarmaður.

Þá er það álit starfshópsins að gera þurfi átak í að mennta tilsjónarmenn til þess að þeir verði hæfari til þess að sinna skyldum sínum gagnvart nemunum. Koma þarf á fagráði/nefnd um starfsnámið til þess að samræma milli embætta hvernig framkvæmdin fer fram. Einnig telur hópurinn ljóst að treysta þurfi vald lögregluskólans og fagráðsins/nefndarinnar til þess að geta haft áhrif á framkvæmd starfsnámsins gagnvart starfsnámsembættum.